

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS

22. október 2010

Hjörvar Hafliðason
hefur slegið í gegn
á skjánum

ALLS ENGINN SPAÐI



TÍSKAN Á PÖLLUNUM + Á RÚMSTOKKNUM + ROYAL EXTREME OPNAR
VERSLUN + ÞAÐ NÝJASTA Í NAGLATÍSKUNNI + TOPP TÍU



FLAKKARATILBOÐ

UNITED
500GB
720/1080i

Kr. 22.950

SJÓNVARPSFLAKKARI

United HD MMP 9530

- 720P/1080i HD 3.5" spilar

- 500GB WD Greenpower diskur

- SD/MMC kortalesari

- HDMI og USB Uplink ofl.

HDMI

WD

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á
LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 •
201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

núna

Verið hrifnæm



LEÐURKRAGI Þessi leðurkragi er frá íslenska merkinu Áróru og fæst í versluninni GK. Kraginn er á 34.900 kr. og er fallegur fylgihlutur. Hann er þeim hæfileikum gæddur að geta flikkað upp á hvaða flik sem er, stuttermabolinn, kjólinn og skyrtuna.

blogg vikunnar

Skandinavísk hönnun

Hönnunarbloggerið www.fromscandinaviawithlove.tumblr.com fjallar um skandinavíska hönnun eins og hún gerist best. Falleg og einföld húsgögn, mínímalísk herbergi og skemmtileg hönnun þekur þetta blogg og fyllir manninnblástri.




Skyldulesning fyrir hvern þann sem kann að meta norræna hönnun.

Halló tígur

Bloggið www.hello-tiger.blogspot.com fjallar einnig um fallega hönnun. Síðan er skrifuð bæði á sænsku og ensku þannig að flestir ættu að geta skilið það sem skrifað er. Síðan er einföld og smekkleg og góð uppspretta hugmynda.

Falleg heimili

www.decor8blog.com er hönnunarblogger sem fjallar um innanhússarkitektúr og húsgagnahönnun. Þar má einnig finna ýmsar skemmtilegar hugmyndir sem hægt er að nýta sér til að lífga upp á eigið heimili. Myndirnar eru svo fallegar að hugurinn fer ósjálfrátt á flug.



Royal Extreme opnar verslun í miðbænum

DRAUMUR AÐ RÆTAST HJÁ UNU

Fatahönnuðurinn Una Hlín Kristjánsdóttir er í mikilli sókn með merkið sitt Royal Extreme. Fatamerkinu hefur verið tekið vel og nú ætla Una loksins að láta enn einn drauminn rætast og opna Royal Extreme verslun í miðbænum. „Næsta skref er að opna búð og nú er það að gerast. Algjör draumur í dós,“ segir Una glöð í bragði en verslunin er á Bergstaðastræti 4, ská á móti Kaffibarnum, og áætluð opnun er á laugardaginn.

Húsnæðið er á tveimur hæðum og verður Una með vinnustofu á efri hæðinni. „Við erum á frábærum stað í miðbænum og við erum með frábæra granna. Vinkona mín og fyrrum skólasystir, Jónína de la Rosa, ætla að sjá um búðina og allt sem henni tengist. Ég verð í búðinni þegar ég get enda mikilvægt að vera með puttana á púlsinum og sjá hvernig vörurnar leggjast í kúnnann,“ segir Una en með því að opna eigin búð er hún að stuðla að því fatnaðurinn verði aðgengilegri fyrir viðskiptavinum og verði viðráðanlegur. „Flíkurnar verða á ágætu verði en með því að vera með eigin búð get ég sjálf séð til þess að öll fatalínun fáist á einum stað,“ segir Una en þegar Föstudagur náði af henni tali var hún að bíða eftir að fá vetrarlínuna 2010 í hús.

Una er búin að vera á flakki heimshorna á milli með sumarlinu sína 2011 og hefur fengið góðar viðtökur hjá erlendum miðlum og innkaupafólki. „Ég er rosalega ánægð með viðtökurnar og ætla ekkert að slaka á. Næst á dagskrá er að gera meira, og bæta skóm og ilmvatni við fatalínuna,“ segir Una og bætir við að hún ætli að halda upp á opnunina seinni part laugardag ásamt systur sinni, Hugrúnu Hrönn Kristjánsdóttur, en hún var einmitt að gefa út sína fyrstu bók og því mikils að fagna. - **áp**



Fagnandi systur Una Hlín og Hugrún Hrönn Kristjánsdóttir ætla að fagna opnun nýrrar búðar og bókaútgáfu saman í þessu nýja verslunarhúsnæði Royal Extreme í miðbænum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dior

ROUGE DIOR
HAUTE COULEUR. VOLUPTUOUS CARE.

Sérfræðingur frá Dior kynnir nýja Rouge Dior varalitalínu og nýjan farða Diorskin Nude, í Sigurboganum föstudag og laugardag. Hægt er að panta tíma í förðun í síma 5611330. 10% afsláttur af Dior á meðan á kynningunni stendur.

Skemmtileg ný lína frá MAC:

Illmennskan uppmáluð

Illmennskan hefur aldrei litið ljafn vel út og nú. Snyrtivöruframleiðandinn MAC og Disney-samsteypan unnu saman að nýrri línu sem nefnist Venomous Villains og sækir innblástur sinn beint til nokkurra hroðalegustu illfygla Disney-myndanna.

Litirnir eru hræðilega flottir, líkt og illmennin sjálf, og umbúðirnar skemmtilega barnalegar.

Í línunni má finna dásamlega varaliti, varagloss, kinnaliti og naglalökk svo fátt eitt sé nefnt. Hvert illmenni er með sitt eigið litaspjald og því geturðu valið um gloss

í anda vondu drottningarinnar úr ævintýrinu um Mjallhvíti eða í anda illu tískudrósarinnar Cruella DeVille. - **sm**

Hræðilega flott

Ný lína frá MAC sem unnin var í samstarfi við Disney sækir innblástur til nokkurra Disney-illmenna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



augnablikið



BLÚNDUR Leikkonan Kirsten Stewart mætti í þessum blúndukjól á frumsýningu í New York. Fatastill hennar hefur próast frá því að vera strákalegur yfir í fagaðan kvenlegan stíl.

Glæsilegar gjafir fylgja kaupum. Vertu velkomin.



föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Umsjón Sara McMahon og Álfrún Pálsdóttir Forsiðumynd Anton Brink Útlitshönnun Kristín Agnarssdóttir Auglýsingar Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@365.is sími 512 5432 Föstudagur Skattahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Leitin að Sloggi stelpunni!



It's time to be hot!

Sloggi, Eskimo Models og FM957 leita að **Sloggi stelpunni 2010.**

Skráðu þig í myndatöku fyrir Sloggi hjá Eskimo Models dagana 22. okt – 5. nóv í síma 533 4646 eða á Eskimo@Eskimo.is Athugið, 18 ára aldurstakmark.

Kosning á Sloggistelpu ársins 2010 fer fram á heimasíðu FM957 8-12. nóvember.

Glæsileg verðlaun til sigurvegarans! Ferð fyrir tvo til Tenerife með Heimsferðum, 1. árs móðelsamningur við Eskimo Models, glæsileg gjafakarfa frá Sloggi o.fl.



HALLDÓR
JÓNSSON

eskimo



Heimsferðir

núna

* gleðjið aðra

ILMANDI KARLMENNSKA Það er auðvelt að hrífast af vel ilmandi karlmanni. Verdon-herrailmurinn frá l'Occitane er frískandi ilmur sem minnir á piparmyntu og vatnskenna tóna.



Yfirgefið hús Hildur María hefur gaman af því að mynda hvað sem fyrir augu ber.



Ótrúlegt útsýni Íslensk náttúra er á meðal myndefna Hildar Maríu.

Hildur María Valgarðsdóttir þykir efnilegur ljósmyndari:

Seldi verk í lokaprófi

Hildur María Valgarðsdóttir lauk námi í ljósmyndun í haust og hefur strax vakið mikla athygli fyrir verk sín. Hildur María stundaði nám við Københavns Tekniske Skole í Kaupmannahöfn og lenti í því skemmtilega atviki að selja tvö lokaverk sín í miðju prófi.

„Í lokaprófinu þarf maður að mæta tvisvar sinnum fyrir dómara og sýna verk sín. Í seinna skiptið sem ég fór inn greip einn dómari fram í fyrir mér í miðri frásögn og bað um að fá að kaupa verkið sem ég var að fjalla um. Það sló mig svolítið út af laginu en ég svaraði játandi og hélt svo áfram að segja frá. Stuttu síðar stoppaði annar dómari mig af og vildi sá líka kaupa af mér verk. Þetta hefur víst aldrei gerst áður í sögu skólans og því er þetta mikill heiður fyrir mig,“ segir Hildur María, sem var að vonum ánægð með gengi sitt í prófinu.

Áhugi hennar á ljósmyndun



Efnileg Hildur María Valgarðsdóttir þykir efnilegur ljósmyndari. Hún seldi tvö verka sinna í lokaprófinu.

MYND/HILDUR MARÍA VALGARÐSDÓTTIR

kviknaði þegar hún var skiptinemi í Bandaríkjunum og lærði þá á filmumyndavél. Hún segist hafa gaman af hvers kyns ljósmyndun og gildi þá einu hvort um sé að ræða landslagsmyndir eða andlitsmyndir. „Mér finnst

til dæmis mjög gaman að fara út að ganga og mynda það sem fyrir augu ber. Sömuleiðis finnst mér öll grafísk vinnsla mjög skemmtileg og ég nota hana mikið til að fá eitthvað meira út úr myndunum mínum.“

Hildur María hefur tekið að sér ýmis verkefni í gegnum tíðina og nýlega aðstoðaði hún við tiskubátt fyrir danska tímaritið Euroman og norskt tímarit að nafni Costume. Þar vann hún með einum fremsta stílalista Dana. Aðspurð segist Hildur María hafa gaman af tiskuljósmyndun en tekur fram að það sé þó bæði nauðsynlegt og gaman að sinna líka öðrum verkefnum á borð við auglýsingaljósmyndun. „Draumurinn er að sjálfsögðu að geta unnið eingöngu við ljósmyndun í framtíðinni, enda er þetta mitt helsta áhugamál,“ segir Hildur María að lokum.

Hægt er að skoða myndir Hildar Maríu á heimasíðunni hennar www.hildurphoto.com. - sm



30%
afsláttur
á öllum
vörum til
1. nóvember.

Frábærar Kápur

Áður 24.900,-

Nú aðeins
14.900,-

Stærðir 10 - 22

COSMO
Kringlunni



Spurt&svarað

Á **RÚMSTOKKNUM**

Sigga Dögg kynfræðingur

Um saflát og munnmök

?Ég er tiltölulega nýbyrjuð að hitta strákr og það gengur mjög vel. Um daginn lágum við uppi í rúmi eftir smá kelerí og vorum að spjalla saman og þá sagði hann mér að nánast allar stelpur sem hann hefði sofist hjá hefðu „squirtað“. Ég hef sjálf aldrei upplifað slíkt og vinkonur mínar segjast ekki heldur hafa gert það. Getu allar konur „squirtað“ og hversu líklegt er að hann sé að segja satt? **SVAR:** Já, hið mikla hitamál um saflát (íslenskun á female ejaculation (squirting)). Það er ekki mikið vitað um hina lífeðlislegu hlið safláts en það er talið tengjast G-blettinum og oftast en ekki verður saflát við örvun á honum. Stundum fylgir fullnægging og stundum ekki og vökvamagn getur verið mismikið. Þá er vert að minnast á það að safinn er ólíkur þvagi í efnasamsetningu og er oftast glær og lyktarlaus (og ætti því ekki að skilja eftir sig bletti í lakinu). G-bletturinn er viðkvæmur vefur og í raun kvenleg hliðstæða blöðruhálskirtils karla. Við kynferðislega örvun á að vera hægt að finna G-blettinn (hjá þeim sem hann hafa), því hann verður ögn svampkenndur. Þó virðast ekki allar konur hafa G-blett og þær sem hafa hann virðast ekki allar upplifa saflát né fullnæggingu við örvun hans. Nú get ég ekki sagt að elskhugi þinn sé að ljúga en kannski að ýkja smá. Ef við gefum okkur að hann segi satt og þú hafir áhuga á því að prufa þetta, er þá ekki málið að láta hann standa við stóru orðin og hjálpa þér að athuga hvort þú sért með G-blett og ef svo er, örva hann og sjá svo hvað gerist! Gangi ykkur vel!

?Ég er búin að vera í föstu sambandi í rúm tvö ár og við erum mjög hamingjusöm. Það er reyndar eitt sem böggar mig pínulítið og það er að kærasti minn er stanslaust að biðja um munnmök, sem er svo sem allt í lagi, nema mér finnst bara bæði frekar vond lykt og bragð af vininum og langar þess vegna ekkert sérstaklega mikið til að veita honum það sem hann biður um. Er ekki dónalegt af mér að nefna þetta við hann, ég vil nefnilega ekki að hann verði sár, og er eitthvað hægt að gera til að bæta stöðuna? **SVAR:** Sælur mín kæra, mér finnst ekkert sjálfsgöðara en að nefna þetta við kærasta þinn. Þið eruð búin að vera saman í tvö ár og mætti ætla að traustur grunnur hefði skapast fyrir slíka umræðu. Ef hann verður sár þá verður hann að eiga það við sig því það er illómögulegt að bjóða þér upp á kæst typpi. Við næstu sturtuferð þarf hann að sápa typpið vel og vandlega. Hann þarf að passa sérstaklega að draga aftur forhúðina og sápa og skola. Svo er um að gera að þurrka kynfærin vel eftir sturtuferðina. Ef lykt og bragð skánar ekki eftir þetta þá ætti hann að kíkja til læknis því hann gæti verið með sýkingu. Þar sem þú segir að hann biðji oft um munnmök þá ætti lausnir á þessu vandamáli að margborga sig fyrir ykkur bæði.

Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni. Netfangið er kynlif@frettabladid.is

Við hvetjum konur um allt land
til þátttöku í kvennafrídegningum
25. október – Áfram stelpur!



RAUNNÓKNASTOFA
Í KVENNA- OG KYNJAFRÆÐUM

JÁ!

– ég þori, get og vil

**KVENNAFRÍ
25. OKTÓBER²⁰¹⁰
KLUKKAN 14:25**



Viðar herrabuxur og kvenlegir kjólar voru áberandi á tískupöllum:

BUXUR OG FLEGIN HÁLSMÁL

Tískan af pöllum

Flíkur í anda sjötta áratugarins voru áberandi í haust-tískunni. Tískuhús á borð við **Cacharel, Dolce & Gabbana, Prada og Isabel Marant** sýndu flíkur með þröngu mitti, flegnu hálsmáli og A-línu pilsfaldi. Flíkur voru kvenlegar og kynþokkafullar og minntu nokkuð á hina rauðhærðu og seiðandi Joan úr sjónvarpsþáttunum Mad Men.

Viðar buxur með herrasniði voru einnig sjáanlegar í línunum margra tískuhúsa og má þar helst nefna **Chloé, Lacoste, Jean Paul Gaultier og Etro**. Buxurnar eru þægilegar, fallegar, kvenlegar og henta við öll tækifæri og því nánast skyldueign hverrar konu.



Zara, 9.995 kr.



Prada, haust 2010.



Zara, 10.005 kr.

FRÉTTABLAÐID/STEFÁN



Chloe, haust 2010.



NORDICPHOTOS/GETTY

Jean-Paul Gaultier, haust 2010.



Zara, 6.995 kr.

Vero Moda, 8.990 kr.



Warehouse, 18.990 kr.



Zara, 9.995 kr.



Sautján, 9.990 kr.

Sautján, 15.990



Warehouse, 9.990 kr.



Warehouse, 17.990 kr.



Dolce & Gabbana, haust 2010.



Sautján, 6.990 kr.



Snyrtivörur

GOSH MARBERT

GERMANY

Kynning í dag frá kl. 13:00-18:00
og á morgun, laugardaginn 23. október
frá kl. 11:00-16:00.

20% afsláttur



Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is



Við leitum að góðu fólki

vísir.is og Fréttablaðið kynna nýjan og öflugan atvinnu- og raðauglýsingavef

Á vefnum getur þú með einföldum hætti flett í gegnum og skoðað atvinnuauglýsingar Fréttablaðsins. Þú kaupir atvinnuauglýsingu í **Fréttablaðinu** - öflugasta auglýsingamiðli landsins og hún birtist frítt í heila viku á einum stærsta vefmiðli landsins – **vísir.is**

ALLT ATVINNA fylgir helgarblaði Fréttablaðsins... og birtist á **vísir.is** í viku



FRÉTTABLAÐIÐ

vísir.is
...ég sá það á visir.is

ÞRÍFUR EKKI SJÁLFUR

Hann er íþróttafíkill með límheila. Hann er búinn að vera með sömu klippinguna síðan hann var fimm ára og þolir ekki að standa fyrir framan myndavélina. Hann er besti vinur Gillzeneggers og var einu sinni hluti af hinum fræga vinahóp Kallarnir.is. Nú er **Hjörvar Hafliðason** tíður gestur á sjónvarps-skjáum landsmanna þar sem hann lætur gaminn geisa um sína helstu ástríðu, fótbolta.

Viðtal: Álfrún Pálsdóttir

Ljósmyndir: Anton

Hvaða stelpa vill vera með strák sem getur bara talað um fótbolta? Er á klukkunni vegna þess að hann þarf að horfa á leik Wigan og Tottenham í sjónvarpinu? Ég skil vel að það sé ekki heillandi eiginleiki fyrir margar stelpur,“ segir Hjörvar Hafliðason og glottir út í annað. „Ef ég ætlaði að ná mér í eitthvert starf til að heilla kvenpeninginn þá hefði ég annað hvort verið duglegri að æfa hann sjálfur eða einfaldlega farið að glamra á gítar.“

Hjörvar er næstungstur af fimm systkinum og hjarta hans slær fyrir bæjarfélagið Kópavog þar sem hann býr núna. „Ég bý eiginlega nær Litlu kaffistofunni en Smáralindinni. En það er algerlega óhugsandi að flytja eitthvert annað. Kópavogur er minn bær,“ segir íþróttaspekingurinn, sem veigrar ekki fyrir sér að keyra í rúman hálf tíma í vinnuna á morgnana.

Andlit Hjörvars varð þekkt eftir heimsmeistarakeppnina í knattspyrnu í sumar þar sem hann sat í spekingssætinu og var á skjánum oft á dag. Hann hefur þó unnið í fjölmiðlum lengi, skrifaði í DV og ritstýrði

hinu sáluga blaði Sirkus, ásamt því að verja mark Breiðabliks um árabil.

Vinir Hjörvars segja hann alltaf hafa látið eins og hann sé frægur og að hann sé jafnvel fæddur til að vera frægur. Eftir HM í sumar tók vinabeiðnunum á Facebook að fjölga og hinir og þessir voru farnir að stoppa hann í Bónus. „Ég hef alltaf verið kokhraustur og held að ég hafi ekkert breyst þannig. Ég er enn þá sami náunginn og ég hef alltaf verið,“ segir Hjörvar.

FÖÐURHLUTVERKIÐ

Það eru ekki margir sem vita að Hjörvar á þriggja ára gamlan son, Henrik Einar Hjörvarsson. Hann vill ekki meina að föðurhlutverkið hafi breytt honum og þvertekur fyrir að það hafi gert hann að mýkri manni. „Ég er samt farinn að hugsa mig aðeins um og vil auðvitað vera góð fyrirmynd. Það vill enginn eiga pabba sem er algjör fáviti og djammar allar helgar. Að því leyti er ég búinn að breytast aðeins.“

„Ég hef aldrei verið mikill barnakall en sonur minn er algjör snillingur. Hann hefur samt engan áhuga á fótbolta og trúðu mér, ég er búinn að vera að ota bolta að honum frá því hann var pínulítill,“ segir Hjörvar en bætir við að sonurinn segi stundum Rooney og Manchester United í þeim eina tilgangi að gleðja pabba sinn. „Ég held að hann sé of fyndinn til að verða fótboltamaður. Fótboltamenn eru almennt séð ekkert sérstaklega fyndnir heldur sjálfhverfir upp til hópa,“ segir Hjörvar hlæjandi en þegar Henrik fæddist fyrir þremur árum keypti Hjörvar sér íbúðina í sveitinni og var alveg tilbúinn til að gerast fjölskyldumaður í úthverfunum. „Ég var búinn að búa mig undir að vera grjótharður fjölskyldumaður, taka þetta alla leið, en það gekk ekki upp og nú er maður bara einn eftir í sveitinni,“ segir Hjörvar, en hann er með son sinn þegar hann getur. „Mér finnst reyndar allt það dæmi mjög leiðinlegt, að skipta honum á milli okkar, en svona er lífið og við feðgarnir erum góðir saman.“



Haldinn íþróttafíkn. Hjörvar Hafliðason er alæta á íþróttir og getur vakað heilu næturnar yfir keppni í pilukasti.

Hjörvar viðurkennir að hafa aldrei verið mikill barnagæla og segist aldrei á ævinni hafa þurft að passa barn, verandi næstungstur með þrjár systur.

„Það er svo skrítið að sá sem er að fara að taka að sér markaðsmál fyrir eitthvert fyrirtæki þarf að læra markaðsfræði. En þú verður bara á einni nóttu pabbi og átt bara að kunna þetta. Ég skal viðurkenna það að ég vissi nákvæmlega ekkert um börn eða uppeldi þegar Henrik fæddist, og veit svo sem ekkert meira um það í dag,“ segir Hjörvar og bætir við að hann hafi verið einn af þeim sem létu börn fara í taugarnar á sér áður en hann varð faðir sjálfur. „Í dag fer fólk í taugarnar á mér sem er að pirra sig yfir barnagrati og börnum. Ég veit ekkert um uppeldi og læri eitthvað nýtt á hverjum degi. Ég veit samt þessa venjulegu hluti eins og að hann má ekki fá kókómjól í hvert einasta skipti sem

hann biður um það. En kann þetta einhver? Ég held að það sé ekki hægt að vera sérfræðingur í uppeldi,“ staðfestir Hjörvar og segir að hann sé ekkert of góður til að viðurkenna að hann þurfi að fara á eitthvert foreldranámskeið. „Ég var aldrei búinn að spá í barnauppleði áður og sá mig í rauninni aldrei fyrir mér í föðurhlutverkinu.“

KVENNAKREPPA, FEMÍNISMI OG KARLMENNSKAN

Hjörvar og besti vinur hans Gillzenegger hafa gjarnan verið taldir karlmennskan uppmáluð. Mikið er gert út á karlmennskuna, líkamsrækt, ljós og útlit. En er Hjörvar upptekinn af því?

„Ég lít ekki á mig sem neina guðsgjöf til kvenna. Hef alltaf verið með báða fæturna á jörðinni í þeim málum og reynt að koma til dyranna eins og ég er klæddur. Ég er öruggur með mig en alls enginn spaði,“ fullyrð-

ir Hjörvar og bætir við að hann hafi tekið eftir að kvenpeningurinn hafi byrjað að sýna honum meiri áhuga eftir að hann fór að vera þekkt andlit. „Það er samt þannig að þegar þú ert í þessum bransa eru 98,7% af áhorfendum konur sem horfa á fótbolta.“

Flestir þær stelpur sem Hjörvar hefur verið með eru viðloðandi fótbolta og tekur hann hattinn ofan fyrir stelpum í fótbolta. Spekingurinn sjálfur vill meina að kvennaboltinn sé vanmetinn og stúlkurnar séu upp til hópa lagnar með boltann. „Stelpurnar hafa alltaf þurft að vinna miklu meira fyrir því að fá að spila fótbolta og það er frábært að sjá hvað sumar þeirra eru að ná langt. Jú, boltinn er aðeins hægari en það er líka bara allt í góðu.“

En hvað finnst þér þá um kvennabaráttuna? Ertu kannski feministi inn við beinið? Spurn-

**Allt til
pílukasts**

Ódýrara en þig
grunar.
Spjöld, pílur og
aukahlutir í úrvali.

MARKID

www.markid.is • sími 553 5320 • Ármúla 40

ingin kemur flatt upp á Hjörvar. „Ha? Nei, nei eða jú, nei, ég veit það ekki. Mér finnst að konur og karlar eigi að hafa sömu réttindi, en feministi? Nei, það er ekki svo gott,“ segir Hjörvar og hlær. Hann er alinn upp á stóru heimili þar sem móðir hans var og er heimavinnandi og faðir hans útivinnandi. Hann viðurkennir að það hafi eflaust einhver áhrif á hvernig hann hugsar í dag. „Ég skammast mín ekkert fyrir að viðurkenna að ég er með konu sem þrífur hjá mér einu sinni í viku. Ég kann það ekki en vil samt hafa hreint og fínt í kringum mig,“ segir Hjörvar, sem flokkast einnig í hóp þeirra karlmanna sem fara með óhreina-tauskórfuna til móður sinnar. „Hún á heima rétt hjá og ég held að hún hafi gaman af þessu,“ segir Hjörvar spöskur.

Spurður um smekk á konum vefst Hjörvari tunga um tönn. Hann er lengi að hugsa og viðurkennir að hann hafi aldrei greint það neitt sérstaklega.

„Ég er ekki með neinn ákveðinn smekk á konum en einhverra hluta vegna hef ég alltaf endað á að vera með svona grjóthörðum og ákveðnum títum. Þó að ég sé algjör frekja er ég alltaf á föstu með helmingi harðari stelpum. Ekkert svona „já amen“ dæmi heldur konur með bein í nefinu sem á endanum ná að ráða yfir mér,“ segir Hjörvar en hann er á lausu þessa stundina og er ekki mikið að spá í það. „Ég er ekkert að leita og er nokkuð sáttur með mína stöðu í dag.“

FRAMINN

Flestir vilja meina að Hjörvar sé sá sem viti einna mest um fótbolta á landinu. Eins konar mannlegt uppflöttirit. Sjálfur segist hann ekki lesa skáldsögur en að ævisögur fótboltamanna lesi hann spjaldanna á milli og drekki í sig hvert orð.

„Ég er með límheila þegar íþróttir eru annars vegar. Ég hef aldrei verið góður í skóla. Tók menntaskólann á fimm árum og svo beint í stjórn málafræði í Háskólanum,“ segir Hjörvar og hristir hlæjandi hausinn. „Ég ætlaði að vera eins og Ólafur Þ. Harðarson í kosningasjónvarpinu. Það var draumurinn. Að kynna tölur í fréttunum.“ Stjórn málafræðin var of teygjanlegt og loðið fag fyrir Hjörvar, sem vill helst geta haft eitt rétt svar við öllu. Eins og fótboltinn. Eitt mark og svo sömu reglurnar sem allir fylgja.

Hjörvar vill meina að hann sé haldinn upplýsinga- og íþróttafíkn. Hann er alæta á íþróttir í sjónvarpi og getur vakað heila nótt yfir keppni í pílukasti. „Ég held að þar sé hundurinn grafinn í mínum kvennamálum. Hver nennir svoleiðis?“ segir Hjörvar hlæjandi og heldur áfram: „Innst inni hef ég örugglega alltaf stefnt á íþróttafréttamenskuna. Það á vel við mig en ég vona bara að ég falli ekki í sömu gryfju og flestir í sama bransa og fitni um of,“ segir Hjörvar og skýtur létt á samstarfsfélaga sína.

Áður en viðtalinu lýkur spyr Hjörvar: „Er þetta ekki bara í lagi? Ég sat heima í gærkveldi og fór að hugsa um hvað ég gæti nú sagt um lífið mitt. Ég hef ekki lent í neinum áföllum en svo hugsaði ég að fyrst Logi Geirs gat skrifað heila bók um sitt líf ætti ég nú að geta blaðrað eitthvað um mitt.“

bak við tjöldin



Besti staðurinn

Ég er ekki sá duglegasti við að skoða landið. En uppáhaldsstaðurinn minn er Fossvogurinn. Þar er langbesta veðrið á landinu og frábært að vera.



Uppáhaldstónlistin

Við erum alltaf með enska tónlist frá árunum 1993-2001 í Sunnudagsmessunni. Ég var að átta mig á því að ég fíla Blur, Stereophonics, Suede og Coldplay en mér fannst sú tónlist alltaf drasl. Svo er ég byrjaður að hlusta á FLASS FM, það er grjóthörð stöð.



Uppáhaldskvikmyndin

Expendables með Sly Stallone og Running Man með Arnold fylkisstjóra koma strax upp í hugann. Svo finnst mér Jón Oddur og Jón Bjarni alveg ótrúlega góð. Þúinn að horfa nokkrum sinnum á hana að undanförunu og Gísli Halldórsson er ótrúlega góður í henni.

Draumakonan

Hólmfríður Karlsdóttir sem varð Ungfrú Heimur þegar ég var lítill. Hún virkaði alltaf frábær á mig.



- Lífið heil



www.lyfja.is

+ Heilnæm mykt og hreinlæti fyrir alla fjölskylduna

DANATEKT eru hágæða húðvörur fyrir alla fjölskylduna. Þær eru ofnæmisprófaðar og innihalda ekki aukaefni á borð við ilmefni, litarefni eða parabena. Vörurnar frá Danatekt eru svansmerktar, sem tryggir gæði, heilnæmi og umhverfisvæna framleiðslu.

Danatekt

Í **DANATEKT** línunni er krem og húðmjólk sem nærir húðina og hlífir henni og hársápan er svo mild að hana má nota á allan líkamann.



Nánari upplýsingar á www.portfarma.is

Danatekt Intim

DANATEKT INTIM er hreinsikrem og hlífðarkrem fyrir viðkvæmstu staði líkamans. Intim hentar allri fjölskyldunni, einnig ungabörnum. Danatekt brjóstakremið þarf ekki að þurrka af fyrir gjöf og er eina svansmerkt brjóstakremið á markaðnum.



núna

* fylgist vel með

ALLRAHANDA Strokkur er nytsamlegur fylgihlutur í vetur. Hann þjónar bæði sem trefill en einnig sem hetta sem hentar vel í ófyrirsjáanlegu íslensku veðri. Þessi fæst í Skarhúsinu og kostar 3.500 kr.




Stutthærðar blómarósir Bresku leikkonurnar Carey Mulligan og Keira Knightley skarta báðar stuttu hári; háir Knightley er þó eilítið síðara en oft áður. NORDICPHOTOS/GETTY

Stutt hár er það heitasta í vetur:

Stutthærðar konur slá í gegn

Stutt, stutt, stutt! Takið upp skærin og skerðið lokka ykkar, konur, því stutt hár í anda Twiggy og Edie Sedgwick er komið til að vera í vetur. Lokkarnir hafa fengið að fjúka jafnt á meðal Hollywood-leikkvenna sem og fyrirsæta og sem dæmi má nefna Carey Mulligan, Michelle Williams, Emmu Watson, Agyness Deyn og sænsku söngkonuna Robyn sem allar skarta stuttum drengjakollum.

Það getur reynst sumum erfitt að stytta hár sitt um of og fyrir þær sem ekki þora að ganga alla leið má halda toppnum síðum líkt og söngkonurnar Robyn og Rihanna gerðu. Samkvæmt helstu hárförmuðum eiga línurnar þó að vera einfaldar og hreinar. - sm



Flott stelpa Það klæðir leikkonuna Michelle Williams mjög vel að vera með stutt hár.



Tiskutákn Fyrirsætan Agyness Deyn fer eigin leiðir í hártiskunni eins og fata-tiskunni.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Ný naglatíska slær í gegn á Íslandi:

Oddmjóar neglur með nafn sem vísar í háa hælaskó

Naglatískan er jafn hverful og Nfatatískan og breytist einnig með tíðinni. Hjördís Lilja Reynisdóttir, kennari hjá Magnetic naglaskólanum, segir foil-neglur ásamt stilettonöglum vera það heitasta um þessar mundir.

„Foil-neglur eru álþynnur með lími sem festar eru ofan á annað hvort náttúrulega nögl eða gelnögl. Álþynnurnar fást í mismunandi litum og eru sterku gull og silfurlitir hvað vinsælastir ásamt ólíku dýramynstri,“ útskýrir Hjördís. Álþynnurnar geta enst í allt frá viku og eru góð lausn fyrir konur sem vilja ganga með lakk-skreyttar neglur dags daglega því þynnurnar flagna ekki af líkt og naglalakkið. Nágrannar okkar í Svíþjóð hafa til dæmis kolfallið fyrir þessum álþynnnum og víst er að við á klakanum eigum eftir að gera hið sama.

Stilettonöglurnar eru langar, oddmjóar og virðast helst eiga heima á fingrum tálkvendis. Hjördís segir þær þó hafa verið að ryðja sér til rúms hér á landi undanfarnin ár. „Nafnið er tilvísun í háa hælinn og þrátt fyrir útlit er ótrúlegt hvað þetta þvælist lítið fyrir manni.“ Hjördís segir enga slyshættu stafa af stilettonöglunum, enda sé hægt að stjórna lengd og lögun þeirra eftir smekk hvers og eins. „Þegar fólk spyr mig hvernig gangi að vera með þessar neglur svara ég oft í gríni að ég geti í það minnsta borað ótrúlega langt upp í nefið á mér með þessu,“ segir Hjördís að lokum og hlær. - sm



Spáir í neglur Hjördís Lilja Reynisdóttir, kennari hjá Magnetic naglaskólanum, spáir svokölluðum foil-nöglum miklum vinsældum í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Stilettonöglur Neglurnar eru langar og oddmjóar og eru að slá í gegn hér á landi. **Katy Perry** hefur fallið fyrir álþynnunöglunum.

Topp tónlistarstöðin þín | www.fm957.is



Rómantísk feðurð Falleg í stuttum grænum blúndukjól.



Ung og sæt Goldie Hawn við tókur á kvikmyndinni Cactus Flower, en hún hlaut Óskarsverðlaunin fyrir hlutverk sitt. NORDICPHOTOS/GETTY



Síðhærð Þegar þessi mynd er tekin er Goldie orðin tveggja barna móðir.

Fimm hlutir sem þú vissir ekki um:

GOLDIE HAWN

Það er fátt sem bendir til þess í dag að leikkonan Goldie Hawn hafi eitt sinn verið tiskufyrirmynd ungra kvenna, en sú er raunin. Hawn heillaði menn með geislandi brosi sínu, stórum dádýrsaugum og ljósum lokkum. Hér eru nokkur atriði sem þú vissir ekki um Goldie Hawn.

- Hún er fædd árið 1945 í Washington D.C. og er móðir hennar dóttir ungverskra innflytjenda en faðir hennar á ættir að rekja til Edwards Rutledge, sem var yngsti maðurinn sem skrifaði undir bandarísku stjórnskrána á sínum tíma.
- Hawn byrjaði að læra dans aðeins þriggja ára gömul. Árið 1964 vann hún fyrir sér sem gógódansari á skemmtistað í New York.
- Fyrsta hlutverk hennar var í sjónvarpsþáttunum Good Morning, World árið 1967. Ári síðar sló hún í gegn í þáttunum Rowan & Martin's Laugh-In og var það í gegnum þá þætti sem hún skapaði sér sess sem ein-kennisstúlka blómaáranna.
- Hún vann Óskarsverðlaunin árið 1969 sem besta leikkona í auka-hlutverki fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni Cactus Flower.
- Hawn er búddatrúar og sagði eitt sinn í þætti Larry King að hún væri búddistagyðingur. Hún ferðast árlega bæði til Indlands og Ísraels og hefur gjarnan verið gagnrýnd fyrir það að lýsa opinberlega yfir stuðningi sínum við Ísraelsríki.



Goldie Hawn var þekkt fyrir dillandi hlátur sinn og geislandi brosi og skapaði sér sess sem ein-kennisstúlka blómaáranna.

TAKE AWAY VEISLUBJÓNUSTA HÓPAR FYRIRTÆKJATILBOÐ

HOLLT OG
GOTT

GRÆNI RISINN NYIR RETTIR

RÉTTIR Á
MATSEÐLI FRÁ
KR. 890



Lambakjöt í karrý

Lambakjöt, hvítkál, gulrætur, ananas, rauðlaukur, stökkt salat og villigrjón



Grilluð kjúklingabringa á grjónabeði

Kjúklingabringa, grænmeti, villigrjón og jógúrt salsasósa



Kjúklingur í karrý

Kjúklingur, hvítkál, gulrætur, ananas, rauðlaukur, stökkt salat og villigrjón

Cesar salat

Stökk salatblanda, teriyaki kjúklingalundir, rifinn Parmesan ostur, hvítlauks jógúrt dressing



Barnamatseðill

Fritt fyrir börn í fylgd foreldra

Réttur af barnamatseðil fylgir fritt fyrir allt að 2 börn þegar foreldrar/forráðamenn kaupa rétti af matseðli. Tilboðið gildir til 15. nóvember og aðeins á staðunum.

Grensásvegi 10, 108 Reykjavík, Sími 533 6300, www.graenirisinn.is

Kristall
Það sést hverjir drekka Kristal

núna

* segðu ekki allt



NOTALEG TEPPI Kuldaboli hefur minnt allhressilega á sig undanfarna daga. Flott ullarteppi eru góð á köldum vetrardögum og er íslenska ullin sérstaklega góð þegar ylja á köldum tám. Þetta skemmtilega teppi er frá Vík Þrjónsdóttur.

mælistikan

Á uppleið:



Ostaskólinn Margir lifa í þeirri trú að gott sé að borða vínber og sultu með öllum tegundum osta. Sannleikurinn er aftur á móti sá að sæt sulta passar ekki öllum ostategundum. Í versluninni Búrinu er hópum boðið í Ostaskólann, þar sem fólk fær að kynna áður óþekktum ostaheimi. Algjör skylda fyrir ostaaðdáendur.

Húfur Eyrnaskjól og húfur eru á hraðri uppleið eftir kuldakast síðustu daga. Rauð, frostbitin eyru þykja ekki flott í vetur; aftur á móti þykja falleg eyrnaskjól og þykkar húfur mjög flott.



Heitir drykkir Sumarið er farið og með því öll litríku, sóhlífarskreyttu hanastélin sem okkur þótti svo gott að sötra í sólinni. Á dimmum vetrarkvöldum er betra að drekka heita drykki sem ylja manni um kroppinn. Drykkir á borð við írskt kaffi, heitt toddý og Jägerte eru á hraðri uppleið.



Á niðurleið:

Brúnkukrem Það er fallett að vera sólbrúnn og hraustlegur, en á veturna er fallett að vera náttúrulega fötur með rósrauðar kinnar og varir. Geymið því brúnkukremið þar til sólin fer að hækka á lofti á ný og njótið þess í stað að líta út eins og rómantísk Mjallhvít.



Bönd um hausinn Ekki er langt síðan hið alkunna hippaband var einn heitasti fylgihluturinn. Fléttuð. Litrík, munstruð, tvöföld. Já, bara í öllum stærðum og gerðum, en nú er það búið. Þetta var einfaldlega ofnotað á síðasta ári.

Líkamsræktarstöðvar Nú er málið að galla sig upp, reima á sig hlaupaskóna og svitna undir berum himni. Hverjum líður vel eftir að hafa andað að sér svitastorknu lofti og þurfa að biða í röð eftir hlaupabrettinu? Svo eru allir þessir speglar til að drepa sjálfstraustið enda enginn kynþokkafullur eftir að hafa hlaupið 10 km nema Usain Bolt.



1 Fjällräven bakpoki úr Geysi, 12.700 kr. **2** Skinnlúffur úr Geysi, 6.900 kr. **3** Alpahúfa úr Skarhúsinu, 1.500 kr. **4** Hunter stígvél úr Geysi, 9.900 kr. **5** Klútur úr Skarhúsinu, 2.900 kr. **6** Skór úr GS Skóm, 18.990 kr.

Mjúkir fylgihlutir fyrir ískaldan veturinn:

FLOTTIR FYLGIHLUTIR


Loðfeldir eru ein heitasta tískustefnan í vetur og þá má sjá alls staðar, bæði ekta og gervi. Ef þú vilt ekki fara alla leið og fjárfesta í heilum pels er hægt að tóna sig niður og kaupa handskjól, ennisband, húfu eða fallega feldskreytta hanska. Ökklastígvél eða aðrir góðir skór eru líka skyldueign fyrir veturinn, enda eru ökklastígvél góð í slabbi og snjó og flott bæði við gallabuxur og sparikjól. Klassískari fylgihlutir, eins og flott taska, sætir hnésokkar eða barðastórir hattar geta líka glætt fatasamsetninguna smá lit og gert annars venjulegan kjól ögn líflegri.

Allir ættu að geta fundið eitt-hvað við sitt hæfi í fylgihlutafrumskóginum í vetur. - sm



1 Refahúfa frá Smart Boutique, 27.200 kr. **2** Griffur úr KronKron, 13.900 kr. **3** Skór úr GS Skóm, 11.990 kr. **4** Sokkar frá GK Reykjavík, 3.900 kr. **5** Eyrnaskjól frá Geysi, 4.920 kr. **6** Taska frá Skarhúsinu.

1 Bakpoki úr Nostalgiu, 6.900 kr. **2** LSkinnlúffur frá Smart Boutique, 5.960 kr. **3** Appelsínugulir hanskar frá Smart Boutique, 2.890 kr. **4** Handmúffa úr gervifeldi frá Smart Boutique, 5.300 kr. **5** Hattur úr KronKron, 23.900 kr. **6** Sonia Rykiel trefill úr KronKron, 25.900 kr. **7** Skór frá Kron by KronKron, 46.900 kr. **8** Sonia Rykiel veski úr KronKron, 22.900 kr.



Full búð af nýjum efnum. Ný snið og sniðablöð.



Dalvegi 18, Kóp. - Sími 568 6500 - www.fondra.is
Opíð 10-18 virka daga, laugardaga 11-16

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

Undislegar yfirhafnir

Warehouse

Smáralind og
Kringlunni
S: 517-3290 og S: 517-3237



Verð: 29.900 kr.



Verð: 24.900 kr.



Verð: 72.990 kr.

Day Birger et Mikkelesen

Kringlunni
S: 517-3190



Verð: 69.990 kr.



Verð: 26.990 kr.



Verð: 69.990 kr.
Einnig til í grænu

Karen Millen

Smáralind og Kringlunni
S: 533-1740 og 534-1740



Verð: 59.990 kr.
Er líka til svört



Verð: 79.990 kr.

Oasis

Kringlunni, Smáralind
og Debenhams
S: 553-5111 og 554-7980



Verð: 26.990 kr.
Er líka til í grænu



Verð: 28.990 kr.



Verð: 49.900 kr.

Coast

Smáralind
S: 544-5111



Verð: 47.900 kr.
er líka til í gráu



TOPP
10

KOLFINNA MJÖLL ÁSGEIRSDÓTTIR, 31 ÁRS

Smíðakennari og blaðamaður á vefsíðunni www.Ynjunet.is

Er nýflutt aftur á æskuslóðir í hverfi 108 Reykjavík eftir búsetu í Vesturbænum og í sólinni í Barcelona. Síðustu tvö ár hefur hún búið í 108 og unir sér vel. Hún er tveggja barna móðir og það þriðja er á leiðinni. Fagurkeri, safnari og áhugaljósmyndari sem heldur úti bloggsíðunni www.augna-blik.blogspot.com.



BLÓMABOXIÐ „Amma Áslog átti þetta box og geymdi að mig minnir bómull í því. Ég dáðist alltaf að því og var því himinlifandi þegar hún gaf mér það.“



MYNDIR OG FÖNDUR EFTIR BÖRNIN „Mér þykir ofsalega vænt um myndir og föndur eftir börnin mín og ég reyni að geyma það vel. Ég fann þó nokkuð af myndum sem ég hafði teiknað sem krakki fyrir nokkru síðan, merktar og dagsettar, og það gladdi mig mikið.“



KONFEKTKJÓLL „Mér finnst alltaf plús að kjólar minni á konfekt og sælgætisbréf og er svo heppin að eiga nokkra slíka.“



NÆLUSAFNIÐ



SAUMAVÉLIN „Þessi Singer-saumavél er frá ömmu minni.“


SPÆNSK OG ÍSLENSK TÍSKUBLÖÐ „Ég keypti þau spænsku á útimarkaði í Barcelona og þau íslensku í Kolaportinu.“



MYNDAVÉLARNAR „Ég tek myndir á hverjum degi og er alltaf með að minnsta kosti eina vél á mér.“



TÖLVULEIKIRNIR „Ég eyddi ófáum stundum í að spila Pacman, Donkey Kong og Mario Bros sem krakki. Mér finnst ennþá skemmtilegast að spila tölvuleiki sem minna á þá, einfalda og ávanabindandi.“



FUGLASTYTTAN



TÖLVAN



HAUSTTILBOÐ



Reiðhjól í miklu úrvali fyrir alla aldurshópa.

Það er holl og góð útivera að hjóla.

MARKIÐ

www.markid.is • sími 553 5320 • Ármúla 40



Svart og seiðandi Þessi fyrsta mynd af nýju línu H&M og tískuhússins Lanvin lofar góðu en línan kemur í búið 23.nóv.

H&M fer í samstarf með Lanvin:

Fágaður tískurisi

Þessi mynd, sem sýnir brot af línu Lanvin-tískuhússins fyrir sænsku verslanakeðjuna Hennes & Mauritz, hefur farið eins og eldur í sinu um netheima í vikunni. Línan kemur í búið 23. nóvember og bíða spekingar með mikilli eftirvæntingu eftir henni, enda er hún talin eitt áhugaverðasta samstarf verslunarrisans við frægan tískuhönnuð til þessa.

Alber Elbaz, yfirhönnuður Lanvin, er heitur þessa stundina og þekktur fyrir fágaðan klæðnað með einföldu yfirbragði. Það verður því eflaust handgangur í öskjunni þegar línan kemur í búið og konur í jólakjólaleit fara á stúfana.

G-Star Raw Store Reykjavík

Laugavegur 86-94
101 Reykjavík
G-star.com



Ermalaus kjóll
Low-T Top
Verð: 19.990



G-star Trefill
Verð 10.990



Hvíta skyrtan
Low-T-Dress shirt
Verð : 16.990.-



Jail Kate Tapered
Verð: 28.990 kr

Flottur Fatnaður



True kjóll
Stærð S-XXL
Litur: Svartur og grár
Verð: 5.999.-



True Kjóll m/hettukraga
Stærð S-XXL
Litur: Svartur og grár
Verð: 6.999.-



True hneppt peysa
Stærð S-XXL
Litur: Grár og kaky grænt
Verð: 4.999.-



Dúnúlpa
Stærð 36 - 46
Litur: Svart
Verð: 9.999.-



True buxur
Stærð S-XXL
Litur: Svart
Verð 5.990.-

Hagkaup



Ný og spennandi All colors sokkabuxnalína frá Oroblu, skemmtileg breidd í litum inn í haust- og vetrar tiskuna. Hægt að poppa endalaust upp sama svarta kjólinn með nýjum sokkabuxum og vera þannig komin með endalausar nýjar hugmyndir að nýju dressi. Einnig er skemmtilegt að brjóta upp og fara í blúndusokkabuxur yfir þessa spennandi liti, svoleiðis er komin enn ein útfærsla af nýju dressi.

Oroblu

ÞÆGILEGAR ABC aðhaldssokkabuxur frá Oroblu, Konur þurfa ekki endilega að vera með aukakíló sem þær vilja fela, til að þurfa á aðhaldssokkabuxum að halda. Margar sem eru búnar að eiga börn eru með slappari húð en áður, burséð frá fituhlutfalli og aukakílóum. ABC sokkabuxur eru draumur hverrar konu, "bumba yfir streng" hverfur, sokkabuxurnar rúlla ekki niður og konur verða allar stinnari og sléttari, passa betur í fötin og líður einfaldlega betur í fötunum sínum. ABC buxurnar eru einnig með þannig áferð að sokkabuxurnar loða ekki við fatnað, fatnaðurinn situr því á glæsilegri máta. ABC sokkabuxurnar slétta magasvæðið, lyfta upp og undirstrika rassinn ásamt því að styðja við mjaðmir og hliðar, til bæði með og án stuðnings niður á læri. ABC sokkabuxurnar eru til bæði í 40 og 20 denum í svörtum og sun lit, hægt að nota við opna skó.





HELGARRÁÐIN

Alda B. Guðjónsdóttir,
Stilisti



1 Ekki fara í dún-úlpu við háa hæla, jafnvel þótt það sé komið frost og vetur. Þetta tvennt á bara ekki saman.

2 Hinar vinsælu latex eða glansandi leggings eru orðnar þreyttar og nú er kominn tími til að leggja þeim í bili.



3 Vertu svolítið djörf og settu upp hatt. Hattar eru skemmtilegir fylgihlutir sem setja punktinn yfir i-ið á hverri fatasamsetningu.

4 Fylgihlutir eru mikilvægir í vetur. Það er flott að hafa nóg af arm-böndum um úlnið-inn og setja einnig upp stóra eyrnalokka í hippalegum og afslöppuð-um stíl. Þetta gerir svo sannarlega útslagið.

5 Í síðasta lagi er málið að þora að vera maður sjálfur og ekki elta tiskustramana í blindni. Sumt sem er í tisku fer einfaldlega ekki öllum; finnið ykkar eigin stíl innan tiskunnar.



Besta 3D sjónvarpið er Sony

Sony hlaut EISA verðlaunin 2010-2011 fyrir besta 3D sjónvarpið



KDL32V5500 32"
BRAVIA Engine 2
Full HD 1920x1080 punktar
Birtuskynjari
Stafrænn móttakari Mpeg4
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Verð: 99.990



KDL32EX500 32" 100hz
BRAVIA Engine 3
BRAVIA Internet Video
Full HD 1920x1080 punktar
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Möguleiki á þráðlausu neti
Verð: 149.990



KDL40EX500 40" 100hz
BRAVIA Engine 3
BRAVIA Internet Video
Full HD 1920x1080 punktar
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Möguleiki á þráðlausu neti
Verð: 199.990



KDL46EX402 46"
BRAVIA Engine 2
Full HD 1920x1080 punktar
Stafrænn móttakari
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Verð: 239.990



KDL40EX710 40" LED 100hz
BRAVIA Engine 3
BRAVIA Internet Video
Full HD 1920x1080 punktar
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Möguleiki á þráðlausu neti
Verð: 249.990



KDL60EX700 60" LED 100hz
BRAVIA Engine 3
BRAVIA Internet Video
Full HD 1920x1080 punktar
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Möguleiki á þráðlausu neti
Verð: 599.990

Sony Center

Kringlunni • Reykjavík • S: 5887669 • SonyCenter.is

Wilson's PIZZA

Vikugeðveikin...

18. okt. til og með 24. okt.

16" pizza
m/2 áleggjum

verð aðeins kr. **1000**
ef þú sækir

Osta brauðstangir

verð aðeins kr. **399**
ef þú sækir

Hot wings

verð aðeins kr. **399**
ef þú sækir

2 lítrar Pepsi

verð aðeins kr. **249**
ef þú sækir

ATH: Opið til kl. 04.00 um helgar í Gnoðarvogi

3 staðir 1 símanúmer

581 15 15

Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum 15 og Eddufelli 6